

## Tillaga til 483. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. nóvember 2021

Tillaga frá 569. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 27. október 2021, um að bæjarstjórn heimili að skipulagslýsing verði auglýst skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### **5. Selakirkjuból 2-4, Breiðadal Neðri 4 og Breiðadal 2 -Innsta Bæ. Skipulagslýsing fyrir 9 ný sumarhús - 2021100018**

Landeigendur áforma byggingu frístundahúsa á jörðunum Selakirkjubóli 2-4 (L141050), Breiðadal Neðri 4 (L141041) og Breiðadal 2 Innsta Bæ (L141038) í Önundarfirði. Gert er ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á hverri jörð, samtals níu hús. Áformin skiptast á tvö deiliskipulagssvæði, annars vegar fyrir Selakirkjuból 2-4 og hinsvegar fyrir Breiðadal Neðri 4 og Breiðadal 2 Innsta Bæ. Landeigendur hafa tekið saman skipulagslýsingu fyrir hvort svæði fyrir sig í samræmi við 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samráð verði haft við Veðurstofuna (kafla 2.4) við gerð skipulagsins.

Hugmyndin var að svæðin yrðu ekki tekin úr landbúnaðarnotum, heldur að þau byggðu á 3ja húsa reglunni fyrir landbúnaðarsvæði á hverri jörð.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila að skipulagslýsing verði auglýst skv. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*